

1863.	Skagafjarðar sýsla	5400 rd. » sk.
30. nóvbrm.	Uppi þetta hefir borgað verið:	
	a. Fjárhagsárið 1860—61:	
	í jarðabókarsjóðinn 868 rd. 64 sk.	
	í aðalféhirzlu rík-	
	isins 475 - » -	
	—————	1343 rd. 64 sk.
	b. Fjárhagsárið 1861—62:	
	í jarðabókarsjóðinn 106 rd. 32 sk.	
	í aðalféhirzlu rík-	
	isins 200 - » -	
	—————	306 - 32 -
	—————	1650 - » -

Er þá enn óborgað . . . 3750 rd. » sk.

Sökum þess, að þegar hefir orðið töluverður undandráttur á endurborgun láns þess, sem hér er um rætt, er dómsmálastjórninni mjög áriðandi, að nú verði tafarlaust úr þessu bætt. Um leið og stjórnarráðið getur þess, að skuldir þessar, sem báðar tilsamans eru 5522 rd. 38 sk., munu verða tilfærðar með tekjunum í frumvarpiu til fjárlaganna fyrir næstkomanda fjárhagsár, skorar það hérmeð á yður, herra amtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á, til þess að fè þetta hið allra bráðasta verði borgað inni ríkissjóðinn, og má ekki bregðast, að það verði gjört fyrir lok fjárhagsársins 1864—65; vonast stjórnarráðið og eptir að fá í tækan tíma skýrslu frá yður um, hvernig skuldir þessar verða borgaðar.

30. nóvbrm. 90. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á láni, er Borgarfjarðarsýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði verið veitt.

Einsog yður er kunnugt, herra stiptamtmaður, var í fjár- aukalögunum 31. marzmán. 1860 fyrir fjárhagsárið 1859—60 veitt rentulaust lán, að upphæð 1000 rd., vegna hallæris, er menn óttuðust fyrir að mundi bera að höndum í Borgarfjarðarsýslu

og Gullbringusýslu; var síðan í fjárlögum fyrir fjárhagsárið 1863. 1861—62 veittur sá frestur með borgun láns þessa, að það 30. nóvbrm. ætti að endurgjaldast á fimm árum, er talin væru frá 1. degi aprílm. 1861, og skyldi greiddur einn fimmtungur hvert árið.

Dómsmálastjórninni þykir nú illa farið, að skilmálar þeir, er settir voru um borgun skuldar þessarar, hafa svo mjög verið vanhaldnir, að eptir skýrslum þeim, er stjórnarráðið hefir við að styðjast, hefir jafnvel ekkert verið borgað inn í ríkissjóðinn upp í skuldina.

Með því þessu er þannig varið, og það er dómsmálastjórninni mjög áriðandi, að nú verði án lengri undandráttar úr þessu bætt, þá skal hérmeð skorað á yður, herra stiptamtmaður, að þér gjörið þær ráðstafanir sem þörf er á, bæði til þess, að það af skuldinni, sem þegar er áfallið til borgunar, verði greitt hið bráðasta, og einnig að það, sem hèreptir ber að borga, verði greitt á réttum tíma, og skal þess getið í þessu efni, að í tekjudálinum í frumvarpinu til fjárlaganna fyrir fjárhagsárið 1864—65 verður tilfært það af skuldinni, sem borga hefði átt árin 1861—62, 1862—63, 1863—64 og 1864—65, en það eru alls 800 rdl., og verður því þessi upphæð að vera borguð fyrir lok fjárhagsársins 1864—65, og má það eigi bregðast.

Stjórnarráðið vonast eptir, að þér sendið hingað í tækan tíma skýrslu um það, sem borgað verður samkvæmt því, sem að ofan er sagt.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 30. nóvbrm. norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

Í bréfi dagsettu 19. dag febrúarmán. þ. á. skoraði dómsmálastjórnin á amtmanninn yfir norður- og austurumdæminu, að leigja verzlunarhúsinu Örum & Wulff þann hluta af silfurbergsnámanum í Helgustaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, fyrst um sinn um fimm ár fyrir 100 ríkisdala afgjald á ári, ef það kæmist á, sem gjört var ráð fyrir í bænarskrá verzlunarhúss þessa,